

Föstudaginn 22. febrúar 1991.

Nr. 49/1991. **Ákærvaldið**

gegn

Eggerti Magnúsi Ingólfssyni.

Kærumál. Dómsátt felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. janúar 1991. Krefst hann þess, að hin kærða dómsátt verði úr gildi felld.

Í þinghaldi í sakadómi Reykjavíkur 6. febrúar 1991 lýsti varnaraðili því yfir, að hann hygðist ekki leggja fram greinargerð í málinu. Hann hefir heldur engar kröfur gert.

Hinn 6. maí 1989 var varnaraðili handtekinn vegna grunar um ölvun við akstur og of mikinn ökuhraða. Reyndist vinnandamagn í blóði hans vera 1,84 o/oo. Hinn 30. október 1989 samþykkti varnaraðili í sakadómi Reykjavíkur að greiða 50.000 króna sekt til ríkissjóðs fyrir hvort tveggja brotið og að sæta ökuleyfissviptingu í 14 mánuði frá 23. sama mánaðar að telja. Voru brot hans talin varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50/1987.

Með hinni kærðu dómsátt 21. nóvember 1989 samþykkti varnaraðili í sakadómi Reykjavíkur sektargreiðslu fyrir að hafa 26. ágúst 1989 ekið bifreið undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum. Hann samþykkti og að sæta sviptingu ökuréttinda í 6 mánuði frá 23. október 1989. Var hann talinn hafa gerst brotlegur við 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50/1987.

Hæstarétti hefir borist bréf ríkissaksóknara 20. febrúar sl., þar sem færð eru rök fyrir kröfum ákærvalds í málinu. Niðurlag bréfsins er svohljóðandi:

„Samkvæmt dómsáttunum ætti kærði að sæta sviptingu ökuleyfis í 20 mánuði. Sviptingu vegna síðara brots hans hefði hins vegar átt að telja gilda frá þeim tíma er fyrra sviptingartímabili

lauk. Svo sem framkvæmd í þessum málum er háttað sætir kærði aðeins sviptingu ökuleyfis í 14 mánuði ef fylgt er ákvæðum hinnar kærðu dómsáttar um það hvenær svipting vegna síðara brotsins skuli taka gildi. Verður sú niðurstaða að teljast fjarstæð.“

Í hinni kærðu dómsátt var refsing varnaraðila réttilega ákveðin sem hegningarauki, en upphafstími ökuleyfissviptingar var ákveðinn hinn sami og í fyrri dómsáttinni, þ.e. frá 23. október 1989. Þetta ákvæði dómsáttarinnar er óljóst og sáttin því með slíkum galla, að eigi verður hjá því komist með hliðsjón af 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 að ógilda hana.

D ó m s o r ð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

Dómsátt í sakadómi Reykjavíkur 21. nóvember 1989.

Ár 1989, þriðjudaginn 21. nóvember, er dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa.

Fyrir er tekið: Kæra á hendur Eggerti M. Ingólfssyni fyrir umferðarlaga-brot.

Dómarinn leggur fram eftirgreind skjöl, sem fylgja í frumriti: 1. bréf lögreglustj. í Rvík, dags. 30/10 '89, 2. ásamt

Kl. 09.00 kemur í dóminn kærði Eggert M. Ingólfsson verkamaður, Unufelli 23, Reykjavík, kt. 051270-3399.

Kærða er kunnbert sakarefnið og jafnframt gætt ákvæða 22. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt. Laugard. 26. ágúst að hafa ekið bifur R-25094, undir áhrifum áfengis og sviptur ökur., frá Nönnufelli uns lögr. stöðvaði frekari akstur í Fljótaseli.

Dómarinn skýrir nú kærða frá því, að í blóðsýni því, sem úr honum var tekið í umrætt skipti, hafi alkóhólmagn mælt 1,40‰.

Samkv. heimild í 112. gr. laga nr. 74/1974 býður dómarinn kærða að ljúka málinu þannig, að hann fallist á að greiða kr. 25.000 í sekt til ríkissjóðs samkvæmt 100. gr. umferðarlaga og sæta því jafnframt að vera sviptur ökuréttindum í 6 mánuði samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlagan en brot hans þykir efnislega varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. gr. 48. gr. umfl. nr. 50, 1987.

Kærði samþykkir að ljúka málinu á þann veg, og greiðir sektina fyrir 20.1. '87, en ella sæti kærði í hennar stað varðahaldi í 10 daga.

Kærða er ljóst, að ökuleyfissviptingin gildir frá 23.10 '89. Framangreint brot hefur ítrekunaráhrif á síðari brot skv. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Málinu er lokið þannig.